



Áhafnatrygging

Skilmáli nr. MG10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MG10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Áhafnatrygging er samsett trygging með þeim tryggingum sem tengjast áhöfn skips. Slysatrigging og líftrygging eru lögboðnar en við mælum einnig með ábyrgðartryggingu og tryggingu á eignum skipverja til viðbótar.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

- 1.1. Trygging skv. II. til V. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Kafli	Heiti tryggingar	Hvað er innifalið?
II. kafli	Slysatrigging sjómanna	Tryggingin er lögboðin og almennt innifalin.
III. kafli	Líftrygging	Tryggingin er lögboðin og almennt innifalin.
IV. kafli	Trygging á eignum skipverja	Valkvæð.
V. kafli	Ábyrgðartrygging útgerðarmanns	Valkvæð.

2. Hver er tryggður?

- 2.1. Í slysatriggingu sjómanna (II. kafli) og líftryggingu (IV. kafli) eru tryggðir sjómenn í starfi hjá tryggingartaka eða sá aðili sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2.2. Í tryggingu á eignum skipverja (IV. kafli) og ábyrgðartryggingu útgerðarmanns (V. kafli) er tryggingartaki tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1. Slysatrigging sjómanna (II. kafli) og líftrygging (III. kafli) gildir hvar sem er í heiminum.
- 3.2. Trygging á eignum skipverja (IV. kafli) og ábyrgðartrygging útgerðarmanns (V. kafli) gildir um borð í því skipi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Ábyrgðartrygging útgerðarmanns gildir einnig í beinum tengslum við rekstur skipsins.

4. Framsal

- 4.1. Tryggður má ekki framselja réttindi sín samkvæmt slysatriggingu sjómanna (II. kafli) eða tryggingu um eigur skipverja (IV. kafli) án samþykkis VÍS.

II. Slysatrigging sjómanna

5. Hugtakið slys

- 5.1. Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

6. Hvað bætir tryggingin?

- 6.1. Tryggingin bætir slys sem tryggður verður fyrir í starfi um borð í því skipi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og í vinnu í beinum tengslum við rekstur skipsins ef það leiðir til líkamstjóns.
- 6.2. Bætur eru greiddar:
- 6.2.1. Á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, ef það leiðir til hærri heildarþóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og



kveðið er á um slíkan rétt í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 6.2.2. Á grundvelli 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 ef mælt er fyrir um þann rétt í skírteini eða endurnýjunarkvittun og tryggður á ekki ríkari rétt skv. gr. 6.2.1.
 - 6.2.2.1. Ef slysið leiðir til andláts tryggða innan þriggja ára frá slysdegi greiðir VÍS dánarbætur.
 - 6.2.2.2. Ef slysið leiðir til varanlegs miska innan þriggja ára frá slysdegi greiðir VÍS miskabætur.¹
 - 6.2.2.3. Ef slysið leiðir til tímabundins missis starfsorku greiðir VÍS dagpeninga.

7. Ákvörðun bóta

- 7.1. Ákvörðun bóta samkvæmt skaðabótalögum sbr. gr. 6.2.1:
 - 7.1.1. Bætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að tryggður deyr eða missir starfsorku sína að nokkru eða öllu leyti.
 - 7.1.2. Eftirfarandi kemur til frádráttar bótum samkvæmt tryggingu þessari:
 - 7.1.2.1. Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu.
 - 7.1.2.2. Réttur tryggða til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.
 - 7.1.3. Varanlegar afleiðingar slyss skal að jafnaði meta einu ári eftir slys, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó undantekningarlaust ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
 - 7.1.4. Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 7.1.3 eigi síðar en þremur árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður.
- 7.2. Ákvörðun bóta samkvæmt siglingalögum sbr. gr. 6.2.2:
 - 7.2.1. Dánarbætur:
 - 7.2.1.1. Dánarbætur greiðast samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 að frádregnum bótum sem VÍS kann að hafa greitt tryggðum fyrir varanlegan miska vegna sama slyss.
 - 7.2.2. Miskabætur (bætur vegna varanlegs miska):
 - 7.2.2.1. Miskabætur eru greiddar samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 á grundvelli þeirrar tryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
 - 7.2.2.2. Varanlegan miska skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til varanlegs miska. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Varanlegur miski getur aldrei talist meiri en 100%. Miskabætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamningi.
 - 7.2.2.3. Ef missir eða bækun útlíma, líffæra, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist varanlegur miski hlutfallslega. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til varanlegs miska með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
 - 7.2.2.4. Bendi fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna slyssins, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyssins.
 - 7.2.2.5. Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 7.2.2.4 eigi síðar en þremur árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður.
 - 7.2.2.6. Ef tryggður andast áður en varanlegur miski er metinn greiðast engar miskabætur.
 - 7.2.3. Dagpeningar (bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku):
 - 7.2.3.1. VÍS greiðir dagpeninga samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
 - 7.2.3.2. VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
 - 7.2.3.3. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn.
 - 7.2.3.4. Dagpeningar greiðast í lok hvers mánaðar.
- 7.3. VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða þann sem tryggður er.
- 7.4. VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.

¹ Með varanlegum miska er átt við varanlega örorku skv. siglingalögum nr. 34/1985.



- 7.5. VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

III. Líftrygging

8. Hver fær fjárhæð tryggingar greidda?

- 8.1. Rétt til bótanna eiga eftirlifandi maki tryggðs eða eftirlifandi börn hans innan 18 ára aldurs. Með maka er hér einnig átt við sambúðaraðila, sbr. 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Láti skipverjinn ekki eftir sig maka eða börn samkvæmt framansögðu skal greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta.

9. Hvað bætir tryggingin og hvað ekki?

- 9.1. VÍS greiðir dánarbætur ef skipverji veikist um borð í skipi því sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun meðan það er á siglingu og veikindin leiða hann til dauða innan tveggja mánaða.
- 9.2. VÍS greiðir ekki bætur ef veikindi eru rakin til hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar veikinda verða meiri vegna framangreindra atriða.

10. Tryggingarfjárhæð

- 10.1. Tryggingarfjárhæðin er háð aldri tryggðs og lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að tryggður nær fimmtíu ár aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- 10.2. Tryggingarfjárhæðin breytist ársfjórðungslega í sama mæli og tryggingarfjárhæðir samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

11. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 11.1. Ábyrgð VÍS gagnvart sjómanni hefst þegar hann hefur störf hjá tryggingartaka.
- 11.2. Tryggingin fellur niður gagnvart sjómanni þegar hann hættir störfum hjá tryggingartaka.

12. Endurkaup

- 12.1. Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverð.

IV. Trygging á eignum skipverja

13. Hvað er tryggt?

- 13.1. Tryggðar eru eigur skipverja sem útgerðarmanni er skylt að bæta samkvæmt 69. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. reglugerð nr. 224/1999.

14. Hvað bætir tryggingin?

- 14.1. Tryggingin bætir tjón á eignum skipverja ef þær eyðileggjast:
- 14.1.1. Við sjóslys.
- 14.1.2. Við bruna.

15. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 15.1. Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

16. Varúðarreglur

- 16.1. Skipið sem eigur skipverja eru um borð í skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal tryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 16.2. Þegar skip sem eigur skipverja eru um borð í er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess og læsa því. Jafnframt ber tryggðum að hafa reglulegt eftirlit með skipinu þegar það er í höfn, lægi eða sátri.
- 16.3. Tryggður skal sjá til þess að skipinu sem eigur skipverja eru um borð í sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið sem eigur skipverja eru um borð í skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 16.4. Tryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

17. Háttsemi annarra

- 17.1. VÍS getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og stjórnenda skips þess sem eigur

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



skipverja eru um borð í.

18. Eigendaskipti

- 18.1. Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tjónsatburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

19. Ákvörðun bóta

- 19.1. Bætur skulu nema sannvirði þeirra eigna sem eyðileggjast og ekki fara fram úr upphæðum samkvæmt reglugerð nr. 224/1999.
- 19.2. VÍS getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðyrðunar vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 19.3. VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 19.4. Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

20. Undirtrygging

- 20.1. Sé heildarverðmæti eigna skipverja meira en tryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

V. Ábyrgðartrygging útgerðarmanns

21. Hvenær gildir tryggingin?

- 21.1. Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 21.2. Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 21.3. VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

22. Hvað bætir tryggingin?

- 22.1. Tryggingin bætir tjón tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna:
- 22.1.1. Líkamstjóns þriðja aðila sem rakið verður til gáleysis skipverja við störf í þágu skipsins.
- 22.1.2. Skemmda á munum í eigu annarra aðila en starfsmanna tryggðs eða eiganda afla, farms eða annars sem skipið flytur ef skemmdirnar verða af sömu orsökum og greinir í 22.1.1. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu VÍS samkvæmt þessum lið að tjónsatvikið beri að höndum um borð í skipinu eða á bruggju.

23. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 23.1. Tryggingin bætir ekki:
- Líkamstjón sem verður við út- eða uppskipun þegar aðrir en áhöfn skipsins vinna verkið.
 - Útgjöld vegna læknishjálpar, hjúkrunar, ferðakostnaðar eða útfarar-kostnaðar samkvæmt sjómannalögum.
 - Eigur skipverja sem glatast eða skemmast við sjóslys, eldsvoða í skipi eða við annað sjóttjón.
 - Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
 - Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka.
 - Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
 - Tjón sem rekja má til PFAS (*e. per- and polyfluorinated alkyl substances*) efna og efnasambands, hvort sem unnið er með slík efni eða vöru sem innihalda þau.
 - Tjón vegna myglu eða sveppagróðurs.
 - Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð sem fellur á útgerðarmann fiskiskips vegna starfsemi í landi, t.d. beitingar, frágangs, meðhöndlunar veiðarfæra eða annarra skyldra starfa.
 - Endurkröfu frá almannatryggingum.
 - Tjón vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem hann getur tryggt sig gegn með ábyrgðartryggingu sem fylgir skipa- og bátatryggingum.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn **skaðabótaábyrgð á tjóni** sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir hinn tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem hinn tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „**þriðji aðili**“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.



- l) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

24. Varúðarreglur

- 24.1. Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.
- 24.2. Tryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn skipsins og tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.

25. Áhættubreyting

- 25.1. Tryggður skal tilkynna VÍS um allar breytingar á skipi eða útgerð þess sem valdið geta aukinni áhættu. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS falli niður í heild eða að hluta.²

26. Tryggingarfjárhæð

- 26.1. Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 26.2. Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni.
- 26.3. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta sem svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.

27. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 27.1. Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 27.2. Bætur sem greiða ber úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysaftryggingu tryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr þessari tryggingu. Sama gildir þótt umsamin atvinnuslysaftrygging sé ekki fyrir hendi.
- 27.3. Kaup sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða einstaklingi sem orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bótum úr þessari tryggingu.

28. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 28.1. Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 28.2. Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 28.3. Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 28.4. VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 28.5. Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

29. Staða tjónþola við tjón

- 29.1. Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 29.2. Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 29.3. Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 29.4. Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

² Sbr. 24. gr. laga um váttryggingarsamning nr. 30/2004.



30. Meðferð bótaskyldu

- 30.1. Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 30.2. VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.